

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2905
komudagur 21.5.2008



SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhósinu við Tryggvagötu 150 Reykjavík

kennitala: 550269-1639

sími: 545 8200 bréfasími: 562 1702

postur@sam.stjr.is

www.samgonguraduneyti.is

Skrifstofa Alþingis, nefndasvið
Sigrún Brynja Einarsdóttir, forstöðumaður
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 21. maí 2008
Tilv.: SAM07010104/361

Hjálagt sendist yður minnisblað samgönguráðuneytisins, utanríkisráðuneytisins og Guðmundar Sigurðssonar prófessors, vegna þingsályktunartillögu um staðfestingu á bókun um breytingu á samningi um takmörkun ábyrgðar á sjóréttarkröfum en minnisblaðið var áður sent yður með tölvupósti.

Fyrir hönd ráðherra

Karl Alvarsson

Svanhvít Axelsdóttir

Fylgiskj.: Minnisblað dags. 21.5.08.

Samgönguráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: **Utanríkismálanefnd.**
Sendandi: **Guðmundur Sigurðsson prófessor; Sigríður Eysteinsdóttir utanríkisrn.;
Svanhvít Axelsdóttir samgöngurn.**
Dagsetning: **21.05.2008**
Málsnúmer: **SAM07010104**
Bréfalykill: **361**

Efni: **Minnisblað vegna þingsályktunartillögu um staðfestingu á bókun um breytingu á samningi um takmörkun ábyrgðar á sjóréttarkröfum.**

Með staðfestingu bókunarinnar frá 1996, eins og lagt er til í þingsályktunartillögunni, er felld úr gildi alþjóðasamþykkt um takmörkun á ábyrgð eigenda skipa sem á sjó sigla frá 1957. Ef bókunin verður ekki staðfest er Ísland hins vegar áfram bundið af samþykktinni frá 1957 gagnvart þeim ríkjum sem eru aðilar að henni. Telja verður það óheppilegt enda er ábyrgð útgerðarmanna á sjóréttarkröfum þar mun takmarkaðri en samkvæmt gildandi siglingalögum, sér í lagi eins og þeim var breytt með lögum nr. 159/2007. Vissulega er hægt að fara þá leið að segja 1957-samþykktinni upp og er Íslandi þá í sjálfsvald sett hvaða reglur skuli gilda um ábyrgð á sjóréttarkröfum. Í því tilviki væri Ísland ekki aðili að neinum samningi á þessu sviði.

Staðfesting bókunarinnar frá 1996 felur jafnframt í sér heimild til að gera fyrirvara um ábyrgðartakmarkanir vegna tiltekinna krafna. Slíkir fyrirvarar heimila íslenska ríkinu að ákveða sjálft hvaða bótareglur skuli gilda um þær kröfur, s.s. að ábyrgð sé ótakmörkuð eða miða eigi við hærri fjárhæðir en bókunin gerir að öðrum kosti ráð fyrir. Í þessu felst ekki að verið sé að setja efnisreglur heldur er einungis verið að áskilja íslenska ríkinu rétt til að víkja frá ákvæðum bókunarinnar í ákveðnum tilvikum, standi vilji Alþingis til þess.

Nú er hafin vinna við heildarendurskoðun siglingalaganna og hefur verið skipuð sérstök nefnd til að vinna að henni. Í tengslum við þá vinnu mun fara fram skoðun á því hvort nýta eigi umrædda fyrirvara og þá gerðar tillögur að efnisreglum.

Tekið skal fram að þótt ákveðið verði við þá heildarendurskoðun siglingalaga sem nú stendur fyrir dyrum að nýta ekki fyrirvarana, kemur það ekki í veg fyrir að þeir verði nýttir síðar. Sé hinsvegar bókunin staðfest án fyrirvara er ljóst að ekki getur komið til breytinga á íslenskum siglingalögum frá því sem ákveðið var í lögum nr. 159/2007. Því verður að telja það mikilvægt fyrir þá vinnu sem er í gangi við heildarendurskoðun siglingalaga að fyrirvararnir séu gerðir.